

AUGLÝSING

um bókun um aðild Gvatemala að fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Mið-Ameríkúríkjanna.

Hinn 16. júní 2016 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar, sem gerð var í Schaan 22. júní 2015, um aðild Lýðveldisins Gvatemala að fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Mið-Ameríkúríkjanna, sem gerður var í Þrándheimi 24. júní 2013. Alþingi hafði með ályktun nr. 25/145 hinn 17. mars 2016 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda bókunina. Tilkynt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðauka við bókunina og nánari upplýsingar má nálgast á vef utanríkisráðuneytisins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. maí 2024.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**BÓKUN UM AÐILD LÝÐVELDISINS GVATEMALA
AÐ FRÍVERSUNARSAMNINGI MILLI EFTA-RÍKJANNA
OG MIÐ-AMERÍKURÍKJANNA**

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“), Lýðveldið Kostaríka og Lýðveldið Panama (hér á eftir nefnd „Mið-Ameríkuríkin“)

og

Lýðveldið Gvatemala (hér á eftir nefnt „Gvatemala“),

hér á eftir nefnd hvert og eitt „samningsaðili“ eða sameiginlega „samningsaðilarnir“,

sem hafa hliðsjón af fríverslunarsamningnum milli EFTA-ríkja annars vegar og Mið-Ameríkuríkja hins vegar (hér á eftir nefndur „samningurinn“) sem var undirritaður í Þrándheimi 24. júní 2013,

sem hafa hliðsjón af þátttöku Gvatemala í samningaviðræðum um samninginn sem aðili að Efnahagssamvinnukerfi Mið-Ameríku,

sem hafa hliðsjón af samkomulaginu (MoU) um tvíhliða áætlun um viðskiptasamstarf milli Efnahagsskrifstofu Svissneska ríkjasambandsins og efnahagsráðuneytis Gvatemala,

sem hafa hliðsjón af grein 13.4 í samningnum þar sem kveðið er á um að hverjum aðila að Efnahagssamvinnukerfi Mið-Ameríku sem er sé heimilt að gerast aðili að samningnum, samþykki sameiginlega nefndin aðild hans,

sem hafa hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu nefndar EFTA-Mið-Ameríku nr. 1/2015, þar sem skilmálar og skilyrði fyrir aðild Gvatemala, sem eru sett fram hér á eftir, eru samþykkt,

hafa samþykkt að ganga frá eftirfarandi bókun um aðild Gvatemala (hér á eftir nefnd „bókunin“):

1. Í formálsorðum samningsins komi „ „ í stað orðsins „og“ á eftir orðunum „Lýðveldið Kostaríka“ og orðunum „og Lýðveldið Gvatemala“ skal skotið inn á eftir orðunum „og Lýðveldið Panama“.
2. Í stað orðanna „IV. og V. viðauka“ í 1. mgr. greinar 2.3 í samningnum og „IV., V. og IX. til XIV. viðauka“ í 5. mgr. greinar 2.17 í samningnum komi „IV., V. og XXII. viðauka“ og „IV., V., XXII., IX. til XIV. og XXIII. til XXV. viðauka“.
3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á grein 3.2 í samningnum:
Þremur nýjum málsgreinum, 7–9, skal skotið inn og eru þannig orðaðar:
„7. Gvatemala skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar á Íslandi, eins og tilgreint er í 1. lið XXIII. viðauka við samning þennan. Ísland skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Gvatemala, eins og tilgreint er í 2. lið XXIII. viðauka við samning þennan.
8. Gvatemala skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Noregi, eins og tilgreint er í 1. lið XXIV. viðauka við samning þennan. Noregur skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Gvatemala, eins og tilgreint er í 2. lið XXIV. viðauka við samning þennan.
9. Gvatemala skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Sviss¹, eins og tilgreint er í 1. lið XXV. viðauka við samning þennan. Sviss skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Gvatemala, eins og tilgreint er í 2. lið XXV. viðauka við samning þennan.“

¹ Eins og fram kemur í grein 1.4 í samningnum skal skilja allar tilvísanir til tollaívilnana, sem eru veittar Sviss eða af hálfu Sviss, þannig að taki bæði til Sviss og Liechtenstein.“

4. Í stað orðanna „III., IV., V., IX., X., XI., XII., XIII. og XIV. viðauka“ í a-lið 3. mgr. greinar 11.1 í samningnum komi „III., IV., V., IX., X., XI., XII., XIII., XIV., XXII., XXIII., XXIV. og XXV. viðauka“.
5. Textanum, sem er settur fram í 1. viðauka við bókun þessa og fjallar um sundurliðun Gvatemala á tollum vegna vara sem eru ekki landbúnaðarafurðir, skal bætt við sem nýjum XXII. viðauka við samninginn.
6. Textanum, sem er settur fram í 2. viðauka við bókun þessa og fjallar um tollaívilnanir vegna landbúnaðarafurða milli Gvatemala og Íslands, skal bætt við sem nýjum XXIII. viðauka við samninginn.
7. Textanum, sem er settur fram í 3. viðauka við bókun þessa og fjallar um tollaívilnanir vegna landbúnaðarafurða milli Gvatemala og Noregs, skal bætt við sem nýjum XXIV. viðauka við samninginn.
8. Textanum, sem er settur fram í 4. viðauka við bókun þessa og fjallar um tollaívilnanir vegna landbúnaðarafurða milli Gvatemala og Sviss, skal bætt við sem nýjum XXV. viðauka við samninginn.
9. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við samninginn:
 - a) Orðinu „og“ í öðrum málslið undirliðar b) í 1. gr. skal eytt og eftirfarandi texta skotið inn á eftir þriðja málslið undirliðarins:
„og að því er varðar Gvatemala, Dirección de Administración del Comercio Exterior del Ministerio de Economía, vegna útgáfu EUR.1-flutningsskírteina til þess að veita stöðu samþykkt útflytjanda og vegna sannprófunar upprunasannana, eða síðari handhafi réttinda þeirrar stofnunar.“
 - b) Í undirlið h) í 1. gr. skal orðinu „Gvatemala“ skotið inn á eftir orðinu „Panama“.
 - c) Í 5. mgr. 6. gr. komi „,“ í stað orðsins „eða“ milli Kostaríka og Panama og orðunum „eða Gvatemala“ skal skotið inn á eftir orðinu „Panama“.
10. Eftirfarandi breyting er gerð á 1. viðbæti við I. viðauka við samninginn:
 - a) 1. mgr. athugasemdar um túlkun skal breytt og verði þannig:
„1. Viðbætirinn inniheldur fjóra lista í röð eins og hér er talið upp:
 - a) Sértekjar reglur um vörur, 1.–24. kafli EFTA-Kostaríka, bls. 3.
 - b) Sértekjar reglur um vörur, 1.–24. kafli EFTA-Panama, bls. 7.
 - c) Sértekjar reglur um vörur, 1.–24. kafli EFTA-Gvatemala, bls. 11.
 - d) Sértekjar reglur um vörur, 25.–97. kafli EFTA-Mið-Ameríka, bls. 16.“
 - b) Tölflunni, sem er sett fram í 5. viðauka við bókun þessa og inniheldur sértekjar upprunareglur um vörur vegna viðskipta milli EFTA og Gvatemala, skal skotið inn á eftir listanum um sértekjar reglur um vörur sem gilda milli EFTA og Panama.
11. Orðinu „Gvatemala“ skal skotið inn í 2. neðanmálgrein í 2. viðbæti við I. viðauka við samninginn á eftir orðinu „Kostaríka“ og bókstöfunum „GT“ skal skotið inn á eftir bókstöfunum „CR“.
12. Í stað orðsins „og“ á eftir „Kostaríka“ í 1. mgr. 5. viðbætis við I. viðauka við samninginn komi „,“ og orðunum „og Gvatemala“ skal skotið inn á eftir orðinu „Panama“.
13. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. 4. gr. í II. viðauka við samninginn:
 - a) Nýrri undirgrein c) skal skotið inn og er orðuð þannig: „c) fyrir Lýðveldið Gvatemala, *Ministerio de Economía*.“
 - b) Eftirfarandi númerabreyting er gerð: Undirgreinar c til f verði undirgreinar d til g.
14. Taflan, sem er sett fram í 6. viðauka við bókun þessa og varðar þær vörur sem ekki eru landbúnaðarvörur og falla undir samninginn, komi í stað tölflunnar sem er sett fram í b-lið III. viðauka við samninginn.
15. Eftirfarandi málsgreinum skal skotið inn í VI. viðauka við samninginn:
 - „3. Að því er varðar Gvatemala gildir ákvæði 1. mgr. greinar 2.4 ekki um framlag sem gerð er krafa um vegna kaffiútflyttings samkvæmt kaffilögum, tilskipun þings Lýðveldisins Gvatemala nr. 19–69 og endurbótum á henni, tilskipun stjórnanda ríkisins nr. 114–63 og lagatilskipun stjórnanda ríkisins nr. 111–85.

4. Lækki Gvatemala eða afnemi útflutningsframlög sín, eftir að samningur þessi öðlast gildi, til ríkis sem er ekki aðili að samningnum, skal Gvatemala láta EFTA-ríkin sitja við sama borð.“
16. Eftirfarandi málslið skal skotið inn í 3. neðanmálgrein í VII. viðauka við samninginn á eftir fyrsta málsliði í þeirri neðanmálgrein: „Að því er varðar Gvatemala er viðkomandi lögbært stjórnvald *Dirección de Administración del Comercio Exterior del Ministerio de Economía* eða síðari handhafi réttinda þeirrar stofnunar.“
17. Í stað orðanna „I., III., IV., V., VI. og VII. viðauki“ í 2. mgr. VIII. viðauka við samninginn komi „I., III., IV., V., VI., VII. og XXII. viðauki“.
18. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. viðauka við samninginn:
- Þeim texta sem settur er fram í 7. viðauka við bókun þessa og fjallar um skrár um sérstakar skuldbindingar Gvatemala skal bætt við sem 7. viðbæti við XV. viðauka.
 - Í skránni fyrir Sviss í 6. viðbæti komi orðin „Kostaríka, Panama eða Gvatemala“ í stað orðanna „Kostaríka eða Panama“ alls staðar þar sem þau birtast.
 - Í skránni fyrir Sviss í 6. viðbæti komi orðin „Kostaríka, Panama og Gvatemala“ í stað orðanna „Kostaríka og Panama“ alls staðar þar sem þau birtast.
19. Þeim texta sem settur er fram í 8. viðauka við bókun þessa og inniheldur listann yfir undanþágur Gvatemala frá bestukjarameðferð skal bætt við sem 7. viðbæti við XVI. viðauka.
20. Þeim texta sem settur er fram í 9. viðauka við bókun þessa og inniheldur listann yfir fyrirvara Gvatemala skal bætt við sem 7. viðbæti við XVIII. viðauka.
21. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIX. viðauka við samninginn:
- Í 1. neðanmálgrein skal orðinu „Gvatemala“ skotið inn á eftir orðinu „Kostaríka“.
 - Í 2. neðanmálgrein skal orðinu „Gvatemala“ skotið inn á eftir orðinu „Kostaríka“.
22. Þeim texta sem er settur fram í 10. viðauka við bókun þessa og fjallar um ríkisstofnanir skal bætt við sem c-lið A-hluta 1. viðbætis við XX. viðauka við samninginn.
23. Þeim texta sem er settur fram í 11. viðauka við bókun þessa og fjallar um undirstofnanir hjá ríkinu skal bætt við sem c-lið A-hluta 2. viðbætis við XX. viðauka við samninginn.
24. Þeim texta sem er settur fram í 12. viðauka við bókun þessa og fjallar um aðrar tilgreindar stofnanir skal bætt við sem c-lið A-hluta 3. viðbætis við XX. viðauka við samninginn.
25. Nýjum lið c í A-hluta 4. viðbætis við XX. viðauka við samninginn skal skotið inn og er þannig orðaður:
- „c. Gvatemala**
Ákvæði 7. kafla samnings þessa gilda um allar vörur, sem þær stofnanir sem eru taldar upp í 1. til 3. viðbæti við þennan viðauka kaupa, með fyrirvara um athugasemdir við viðkomandi viðbæta, um hinar almennu athugasemdir og að því undanskildu að annað sé tekið fram.“
26. Þeim texta sem er settur fram í 13. viðauka við bókun þessa og fjallar um þjónustu-starfsemi skal bætt við sem c-lið A-hluta 5. viðbætis við XX. viðauka við samninginn.
27. Nýjum lið c í A-hluta 6. viðbætis við XX. viðauka við samninginn skal skotið inn og er þannig orðaður:
- „c. Gvatemala**
Ákvæði 7. kafla samnings þessa gilda um alla þjónustu á sviði byggingaframkvæmda, sem þær stofnanir sem eru taldar upp í 1. til 3. viðbæti við þennan viðauka kaupa, með fyrirvara um athugasemdir við viðkomandi viðbæta og um hinar almennu athugasemdir. Ákvæði kaflans taka ekki til kaupa á þjónustu á sviði byggingaframkvæmda sem er undanskilin fyrir hinn samningsaðilann. Öll þjónusta á sviði byggingaframkvæmda, sem ákvæði þessa viðbætis gilda um, er með fyrirvara um skrárnar um sérstakar skyldur (1. til 7. viðbætir við XV. viðauka).“
28. Eftirfarandi texta skal skotið inn í 7. viðbæti við XX. viðauka við samninginn, eftir þeirri birtingaraðferð sem Panama notar:
- „Gvatemala**
Löggjöf: lög, stjórnsýsluúrskurðir og -meðferð:
- Diario de Centroamérica* (Órgano oficial de publicación),
 - Congreso de la República de Guatemala* www.congreso.gob.gt.

Réttarframkvæmd:

Corte de Constitucionalidad

Vefsetur: www.cc.gob.gt

Auglýsingar um innkaup:

1. *Diario de Centroamérica*, (Órgano oficial de publicación)
 2. *Sistema de Información de Contrataciones y Adquisiciones del Estado de Guatemala GUATECOMPRAS* (www.guatecompras.gt)“
29. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. viðbæti við XX. viðauka við samninginn:
- a) Í þriðja málslið 1. mgr. A-hluta skal skjóta inn orðunum „og Gvatemala“ á eftir orðinu „Kostaríka“.
 - b) Í 2. mgr. A-hluta skal orðinu „Gvatemala“ skotið inn á eftir orðinu „Kostaríka“.
30. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 11. viðbæti við XX. viðauka við samninginn:
- a) Þeim texta sem er settur fram í 14. viðauka við bókun þessa og fjallar um viðbótarathugasemdir Gvatemala skal bætt við sem c-lið A-hluta.
 - b) Sú númerabreyting er gerð að d-liður A-hluta, sem varðar viðbótarathugasemdir Panama, verður b-liður.
31. Vakin er athygli á því að skilgreining innflutningstolla, eins og hún er sett fram í grein 2.3 í samningnum, hefur ekki áhrif á möguleika samningsaðila til þess að beita ráðstöfunum í samræmi við greinar 2.14 og 2.15 í samningnum.
32. Bókun þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að Gvatemala afhendir skjal sitt um aðild til vörslu eða eftir að núverandi samningsaðilar afhenda skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunar þessarar til vörslu, hvort sem síðar verður. Jafnhliða því að bókun þessi öðlast gildi, gerist Gvatemala aðili að samningnum og verður við það samningsaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Schaan 22. júní 2015 í tveimur frumritum, einu á ensku og einu á spænsku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða. Afhenda skal vörsluaðilanum frumritin til vörslu sem aftur sendir öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

**PROTOCOL ON THE ACCESSION OF THE REPUBLIC OF GUATEMALA
TO THE FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES
AND THE CENTRAL AMERICAN STATES**

Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as the “EFTA States”), the Republic of Costa Rica and the Republic of Panama (hereinafter referred to as the “Central American States”),

and

the Republic of Guatemala (hereinafter referred to as “Guatemala”),

hereinafter each individually referred to as a “Party” or collectively as the “Parties”,

Having regard to the Free Trade Agreement between the EFTA States, on the one part, and the Central American States, on the other part, (hereinafter referred to as the “Agreement”) signed in Trondheim on 24 June 2013;

Having regard to the participation of Guatemala in the negotiations of the Agreement as a Member of the Central American Economic Integration Sub-System;

Having regard to the Memorandum of Understanding (MoU) on Bilateral Trade Cooperation Programme between the State Secretariat for Economic Affairs of Switzerland and the Ministry of Economy of Guatemala;

Having regard to Article 13.4 of the Agreement which provides that any Member of the Central American Economic Integration Sub-System may accede to the Agreement, provided that the Joint Committee approves its accession;

Having regard to Decision No. 1/2015 of the EFTA-Central America Joint Committee where the terms and conditions of Guatemala’s accession, set out hereinafter are accepted;

Have agreed to conclude the following Protocol on the accession of Guatemala (hereinafter referred to as the “Protocol”):

1. In the Preamble of the Agreement, the word “and” after the words “Republic of Costa Rica” shall be substituted by “,” and the words “, and the Republic of Guatemala” shall be inserted after the words “and the Republic of Panama”.
2. The words “Annexes IV and V” in paragraph 1 of Article 2.3 of the Agreement and “Annexes IV, V and IX to XIV” in paragraph 5 of Article 2.17 of the Agreement shall be replaced by “Annexes IV, V and XXII” and “Annexes IV, V, XXII, IX to XIV and XXIII to XXV.”
3. The following amendments shall be made to Article 3.2 of the Agreement: Three new paragraphs, 7-9, shall be inserted, worded as follows:
 - “7. Guatemala shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland as specified in Section 1 of Annex XXIII to this Agreement. Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Guatemala as specified in Section 2 of Annex XXIII to this Agreement.
 8. Guatemala shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Norway as specified in Section 1 of Annex XXIV to this Agreement. Norway shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Guatemala as specified in Section 2 of Annex XXIV to this Agreement.
 9. Guatemala shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Switzerland¹ as specified in Section 1 of Annex XXV to this Agreement. Switzerland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Guatemala as specified in Section 2 of Annex XXV to this Agreement.

¹ In accordance with Article 1.4 of the Agreement, any reference to tariff concessions granted to or by Switzerland shall be understood to cover both Switzerland and Liechtenstein..”

4. The words “Annexes III, IV, V, IX, X, XI, XII, XIII, XIV” in paragraph 3(a) of Article 11.1 of the Agreement shall be replaced by “Annexes III, IV, V, IX, X, XI, XII, XIII, XIV, XXII, XXIII, XXIV, XXV”.
5. The text set out in Annex 1 to this Protocol concerning Guatemala’s tariff dismantling for Non-Agricultural products shall be added as a new Annex XXII to the Agreement.
6. The text set out in Annex 2 to this Protocol concerning tariff concessions on agricultural products between Guatemala and Iceland shall be added as a new Annex XXIII to the Agreement.
7. The text set out in Annex 3 to this Protocol concerning tariff concessions on agricultural products between Guatemala and Norway shall be added as a new Annex XXIV to the Agreement.
8. The text set out in Annex 4 to this Protocol concerning tariff concessions on agricultural products between Guatemala and Switzerland shall be added as a new Annex XXV to the Agreement.
9. Annex I to the Agreement shall be amended as follows:
 - a) The word “and” in the second sentence of subparagraph (b) of Article 1, shall be deleted and the following text shall be inserted after the third sentence of the subparagraph: “and
for Guatemala, the *Dirección de Administración del Comercio Exterior del Ministerio de Economía* for issuance of movement certificates EUR.1, to grant the status of approved exporter and for verification of proofs of origin, or its successor;”.
 - b) In subparagraph (h) of Article 1, the word “Guatemala,” shall be inserted after the word “Panama,”.
 - c) In paragraph 5 of Article 6, the word “or” between Costa Rica and Panama, shall be substituted by “,” and the words “or Guatemala” shall be inserted after the word “Panama”.
10. Appendix 1 to Annex I to the Agreement shall be amended as follows:
 - a) Paragraph 1 of the Interpretative Notes shall be amended to read:

“1. The Appendix contains four lists in sequence as listed here:
 - a) Product-Specific Rules, Chapters 1-24 EFTA-Costa Rica page 3
 - b) Product-Specific Rules, Chapters 1-24 EFTA-Panama page 7
 - c) Product-Specific Rules, Chapters 1-24 EFTA-Guatemala page 11
 - d) Product-Specific Rules, Chapters 25-97 EFTA-Central America page 16”.
 - b) The table set out in Annex 5 to this Protocol containing Product-Specific Rules of Origin for trade between EFTA and Guatemala shall be inserted after the list of Product-Specific Rules between EFTA and Panama.
11. In footnote 2 in Appendix 2 to Annex I to the Agreement the word “Guatemala;” shall be inserted after the words “Costa Rica;” and the letters “GT;” shall be inserted after the letters “CR;”.
12. In paragraph 1 of Appendix 5 to Annex I to the Agreement the word “and” after “Costa Rica” shall be substituted by “,” and the words “and Guatemala” shall be inserted after the word “Panama”.
13. Paragraph 1 of Article 4 in Annex II to the Agreement shall be amended as follows:
 - a) A new subparagraph (c) shall be inserted, worded as follows: “(c) for the Republic of Guatemala, the *Ministerio de Economía*;”.
 - b) Subparagraphs (c) to (f) shall be renumbered as subparagraphs (d) to (g).
14. The table set out in Annex 6 to this Protocol regarding Product Coverage of Non-Agricultural Products shall replace the table set out in subparagraph (b) of Annex III to the Agreement.
15. In Annex VI to the Agreement, the two following paragraphs shall be inserted:
 - “3. In the case of Guatemala, paragraph 1 of Article 2.4 shall not apply to a contribution required on the export of coffee, pursuant to Coffee Law, Decree No. 19-69 of the Congress of the Republic of Guatemala and its reforms, Decree No. 114-63 of the Chief of State and Law Decree No. 111-85 of the Chief of State.
 4. If after the entry into force of this Agreement, Guatemala lowers or eliminates its export

- contributions to a non-party, Guatemala shall accord the same treatment to the EFTA States.”
16. In footnote 3 in Annex VII to the Agreement, after the first sentence of this footnote, the following sentence shall be inserted: “For Guatemala the competent authority is the *Dirección de Administración del Comercio Exterior del Ministerio de Economía* or its successor.”
 17. The words “Annexes I, III, IV, V, VI y VII” in paragraph 2 of Annex VIII of the Agreement shall be replaced by “Annexes I, III, IV, V, VI, VII and XXII”.
 18. Annex XV to the Agreement shall be amended as follows:
 - a) The text set out in Annex 7 to this Protocol concerning the Schedules of Specific Commitments of Guatemala shall be added as Appendix 7 to Annex XV.
 - b) In the Schedule of Switzerland in Appendix 6, the words “Costa Rica or Panama”, wherever they appear, shall be replaced by the words “Costa Rica, Panama or Guatemala”.
 - c) In the Schedule of Switzerland in Appendix 6, the words “Costa Rica and Panama”, wherever they appear, shall be replaced by the words “Costa Rica, Panama and Guatemala”.
 19. The text set out in Annex 8 to this Protocol containing the List of MFN Exemptions of Guatemala shall be added as Appendix 7 to Annex XVI.
 20. The text set out in Annex 9 to this Protocol containing the List of Reservations of Guatemala shall be added as Appendix 7 to Annex XVIII.
 21. Annex XIX to the Agreement shall be amended as follows:
 - a) In footnote 1 the word “Guatemala,” shall be inserted after the words “Costa Rica,”.
 - b) In footnote 2 the word “Guatemala,” shall be inserted after the words “Costa Rica,”.
 22. The text set out in Annex 10 to this Protocol regarding Entities at Central Government Level shall be added as point c. of Part A of Appendix 1 to Annex XX to the Agreement.
 23. The text set out in Annex 11 to this Protocol regarding Entities at Sub-Central Government Level shall be added as point c. of Part A of Appendix 2 to Annex XX to the Agreement.
 24. The text set out in Annex 12 to this Protocol regarding Other Covered Entities shall be added as point c. of Part A of Appendix 3 to Annex XX to the Agreement.
 25. A new point c. of Part A of Appendix 4 to Annex XX to the Agreement shall be inserted, worded as follows:

„c. Guatemala
Chapter 7 of this Agreement applies to all goods procured by the entities listed in Appendices 1 through 3 of this Annex, subject to the Notes to the respective Appendices, General Notes and unless otherwise specified in this Agreement.”
 26. The text set out in Annex 13 to this Protocol regarding Services shall be added as point c. of Part A of Appendix 5 to Annex XX to the Agreement.
 27. A new point c. of Part A of Appendix 6 to Annex XX to the Agreement shall be inserted, worded as follows:

„c. Guatemala
Chapter 7 of this Agreement applies to all construction services procured by the entities listed in Appendices 1 through 3 of this Annex, subject to the Notes to the respective Appendices and the General Notes. The Chapter does not cover procurement of the construction services excluded for the other Party. All construction services covered by this Appendix are subject to the Schedules of Specific Commitments (Appendices 1 to 7 to Annex XV)”
 28. In Appendix 7 to Annex XX to the Agreement, after means of publication of Panama, the following text shall be inserted:

„c. Guatemala
Legislation: laws, administrative rulings and procedures:
1. *Diario de Centroamérica* (Órgano oficial de publicación);
2. *Congreso de la República de Guatemala*
www.congreso.gob.gt.

Jurisprudence:

*Corte de Constitucionalidad*Website: www.cc.gob.gt Notices of procurement:

1. *Diario de Centroamérica*, (Órgano oficial de publicación)
 2. *Sistema de Información de Contrataciones y Adquisiciones del Estado de Guatemala GUATECOMPRAS* (www.guatecompras.gt)”
29. Appendix 9 to Annex XX to the Agreement shall be amended as follows:
- a) In the third sentence of paragraph 1 in Part A, the word “and Guatemala” shall be inserted after the words “Costa Rica”.
 - b) In paragraph 2 of Part A the word “, Guatemala” shall be inserted after the words “Costa Rica”.
30. Appendix 11 to Annex XX to the Agreement shall be amended as follows:
- a) The text set out in Annex 14 to this Protocol regarding Guatemala’s Additional Notes shall be added as point c. of Part A.
 - b) Point d. of Part A regarding Panama’s additional notes shall be renumbered as point b.
31. Noting that the ability of a Party to the Agreement to impose measures consistent with Articles 2.14 and 2.15 of the Agreement is not affected by the definition of Import Duties as set out in Article 2.3 of the Agreement.
32. This Protocol shall enter into force 60 days after the deposit of Guatemala’s instrument of accession, or the deposit of the instruments of ratification, acceptance or approval of this Protocol by the existing Parties, whichever is later. Upon entry into force of this Protocol, Guatemala accedes to the Agreement and thereby becomes Party to the Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Schaan, this 22th day of June 2015, in two originals, one in the English language and one in the Spanish language, both texts being equally authentic. In case of divergence, the English text shall prevail. The originals shall be deposited with the Depositary, who shall transmit certified copies to all the Parties.